

**AUGLÝSING****um umferð í Keflavík.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

1. Aðalbrautarréttur samkv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:
  - a. Vesturgata nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Heiðarbraut og Hólmgarði.
  - b. Álsvellir/Eyjavellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart efri enda Eyjavalla.
  - c. Álsvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart Bjarnarvöllum og Heimavöllum.
  - d. Suðurvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart Elliðavöllum og Drangavöllum.
  - e. Miðgarður nýtur aðalbrautarréttar gagnvart öllum aðliggjandi götum nema Nónvörðu.
  - f. Aðalgata nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Nónvörðu.
  - g. Flugvallavegur nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Sunnubraut.
2. Niðurfelling einstefnuaksturs.
  - a. Einstefnuakstur um Aðalgötu fellur niður.
  - b. Einstefnuakstur um Heiðarveg fellur niður.

Reglur þessar taka gildi 1. maí 1979. Jafnframt falla þá úr gildi eldri reglur, sem fara í bága við þessar nýju reglur.

*Bæjarfógetinn í Keflavík, 8. febrúar 1979.*

**Jón Eysteinnsson.**